



SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Yfirlit frá sendiráði Íslands í Brussel

Gleðileg jól

Desember 2015

Upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála

Efst á baugi

- Haldinn var EES-ráðsfundur 17. nóvember sl. Rætt var m.a. um framkvæmd EES-samningsins og nýja innri markaðsáætlun ESB. Sjá nánar [hér](#). Auk þess átti sér stað pólitískt samráð EES/EFTA-ríkjanna og ESB um hryðjuverkaógnina, innflytjendamál, Sýrland, Rússland og Úkraínu.
- Í kjölfar EES-ráðsfundarins var haldinn fundur ráðherra EES/EFTA-ríkjanna með þingmannanefnd og ráðgjafarnefnd EFTA. Þar svöruðu ráðherrar Noregs og Liechtenstein og sendiherra Íslands ýmsum EES-tengdum spurningum frá þingmönnum og fulltrúum í ráðgjafarnefnd EFTA. Sjá nánar [hér](#).
- Á fundi Sameiginlegu EES-nefndarinnar 30. október sl. voru 92 gerðir ESB teknar inn í EES-samninginn. Sjá nánar [hér](#).
- Á fundi Sameiginlegu EES-nefndarinnar 11. desember sl. voru 47 gerðir ESB teknar inn í EES-samninginn. Auk þess afturkallaði Sameiginlega EES-nefndin ákvörðun sína um flutning á persónuupplýsingum í kjölfar ógildingar Evrópudómstólsins á ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um örugga höfn. Sjá nánar [hér](#).
- Næsti fundur Sameiginlegu EES-nefndarinnar verður haldinn 5. febrúar nk.

Umsögn um fyrirhugaðar tillögur framkvæmdastjórnar ESB varðandi kaup á netinu

Ísland, Noregur og Liechtenstein sendu framkvæmdastjórn ESB í nóvember sameiginlega umsögn sína við fyrirhugaðar tillögur framkvæmdastjórnar ESB varðandi samningsákvæði í tengslum við **kaup á netinu á vörum og stafrænu efni** (e. online purchases of digital content and online goods).

EES/EFTA-ríkin fagna frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði og eru þeirrar skoðunar að slíkar reglur muni **auka tiltrú neytenda á öryggi þess að versla á netinu**.

Á fundi Sameiginlegu EES-nefndarinnar 11. desember sl. lýsti ESB yfir ánægju sinni með athugasemdir EES/EFTA-ríkjanna og lagði áherslu á að slíkar athugasemdir eru **mikilvæg leið fyrir EES/EFTA-ríkin til að taka þátt í að móta stefnu ESB**. Sjá nánar [hér](#).

Framkvæmdastjórn ESB lagði fram endanlegar tillögur sínar 9. desember sl. Sjá nánar [hér](#). EES/EFTA-ríkjunum gefst nú tækifæri til að skoða betur efni tillagnanna og eftir atvikum koma fram með frekari athugasemdir.

Framkvæmdastjórn ESB birtir vinnuáætlun sína fyrir 2016

Hinn 27. október sl. birti framkvæmdastjórn ESB vinnuáætlun sína fyrir árið 2016. Vinnuáætlunin byggir á og **útfærir frekar 10 áhersluatriði** framkvæmdastjórnar Juncker. Vinna framkvæmdastjórnarinnar á árinu 2016 mun áfram markast af stefnumótun á ýmsum sviðum, en einnig er gert ráð fyrir að tillögur að nýrri löggjöf muni í auknum mæli líta dagsins ljós á árinu. Sjá nánar [hér](#).

Framkvæmdastjórn ESB leggur fram nýja innri markaðsáætlun

Hinn 28. október sl. kynnti framkvæmdastjórn ESB nýja áætlun um innri markaðinn (e. Internal Market Strategy), en það er eitt af markmiðum framkvæmdastjórnar Juncker að **treysta innviði innri markaðarins með það fyrir augum að skapa störf og auka hagvöxt**. Nýja áætlunin ber heitið „Uppfærsla innri markaðarins: Fleiri tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki“. Áætlunin um innri markaðinn er byggð upp á afmörkuðum aðgerðum til **að takast á við vandamál sem talin eru hamla þróun markaðarins** og byggir á greiningu á því hve mikið megi örva hagvöxt með því að ryðja þeim úr vegi. Enn eru til staðar íþyngjandi hindranir í viðskiptum með vörur og þjónustu milli landa (einkum vegna innanlandslöggjafar), gildandi reglum ESB er ekki fylgt nægjanlega eftir, opinber innkaup yfir landamæri eru ennþá of lítil og stjórnvöld hafa ekki ráðist í nauðsynlegar kerfisbreytingar til að vinna gegn þessum hindrunum innan sinna ríkja. Ísland tekur upp nær alla löggjöf ESB á sviði innri markaðarins. Sjá nánar [hér](#).

- Árni Þór Sigurðsson, sendiherra og fulltrúi Íslands í embættismannanefnd Norðurskautsráðsins flutti erindi á ráðstefnununni Arctic Futures Symposium, í Brussel 17.-18. nóvember sl. Sjá nánar [hér](#).

Samráð um löggjöf ESB í mótun

Framkvæmdastjórn ESB heldur úti heimasíðu þar sem finna má á einum stað alla stefnumörkun í mótun og fyrirhugaða löggjöf þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið upp á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (e. public consultations).

Þarna gefst kjörið tækifæri fyrir t.d. íslenskar stofnanir og ráðuneyti til að hafa áhrif á stefnumótun ESB, sem er megininntak Evrópustefnu sitjandi ríkisstjórnar.

Vefsíðuna má finna [hér](#) og eftirfarandi eru nokkur dæmi um opin samráðsferli.

Opið samráðsferli varðandi endurskoðun á höfundarréttarreglum. Svarfrestur til 1. apríl 2016. Sjá nánar [hér](#).

Opið samráðsferli varðandi mögulegar aðgerðir til að takast á við áskoranir sem útvinnandi foreldrar standa frammi fyrir. Svarfrestur til 17. febrúar 2016. Sjá nánar [hér](#).

Holland í formennsku ráðs ESB

Mark Rutte, forsætisráðherra Hollands, tók 18. þ.m. formlega við formenskukeflinu af Xavier Bettel, forsætisráðherra Lúxemborgar. Holland var síðast í forsæti ráðs ESB 2004, en er nú að sinna því verkefni í tólfta sinn. Eins og venja er hafa hollensk stjórnvöld teiknað upp metnaðarfulla formennskuáætlun, en eins og oft er viðbúið að dagskrá ráðsins ráðist fyrst og fremst af brýnum málum sem upp koma og ófyrirséðum atburðum. Dagskrá Hollands mun ekki síður en síðustu sex mánuði verða mjög lituð af **flóttamannavandanum og hvernig ríkin geti dregið úr þeirri vá hryðjuverka sem yfir álfunni hvílir**. Kemur það einnig í hlut Hollendinga að finna **lausn á kröfum Breta (Brexit)**, en gert er ráð fyrir að niðurstaða í málinu náist í febrúar nk. Stjórnvöld í Hollandi hafa sagt að þau muni einbeita sér að því að **draga úr íþyngjandi skriffinnsku og löggjöf til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja og bæta samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja**. Þá munu Hollendingar einbeita sér að því að **styrkja innviði sambandsins og samstöðu ríkja**, en mjög hefur borið á sundrunu og samstöðuleysi undanfarin misseri, ekki síst er kemur að málefnum flóttamanna.

Ráð ESB og Evrópuþingið ná samkomulagi um persónuvernd

Ráð ESB og Evrópuþingsins hafa náð samkomulagi um nýjar reglur á sviði persónuverndar. Annars vegar er um að ræða **nýja almenna reglugerð um meðferð persónuupplýsinga og hins vegar notkun persónuupplýsinga í löggæslutilgangi**. Mun nýja löggjöfin koma í stað gildandi löggjafar sem að grunni til er frá 1995. Fyrri almennar reglur ESB um persónuvernd eru hluti af EES-samningnum og regluverkið um notkun persónuupplýsinga telst þróun á Schengen-starfinu. Gera má ráð fyrir að reglurnar verði formlega samþykktar í janúar nk. og í kjölfar þess komi þær til skoðunar innan EES-samstarfsins og Schengen-samstarfsins. Sjá nánar [hér](#).

Framkvæmdastjórn ESB vill bæta aðgengi fatlaðs fólks að vörum og þjónustu

Framkvæmdastjórn ESB kynnti í byrjun desember tillögu að tilskipun sem setur **kröfur um aðgengi fatlaðs fólks að tilteknum lykilvörum og þjónustu**. Markmiðið er að hjálpa fötluðu fólki í ESB að taka fullan þátt í þjóðfélaginu. Gert er ráð fyrir að tilskipunin falli undir EES-samninginn. Sjá nánar [hér](#).

Breytingar á tilskipun um pakkaferðir

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti í lok nóvember nýja tilskipun um pakkaferðir. Tilskipunin uppfærir gildandi reglur um pakkaferðir og **aðlagar þær að nýjungum á markaði með ferðir og gistingu með hagsmuni neytenda og söluaðila að leiðarljósi**. Henni er einkum ætlað að ná utan um pakkaferðir sem eru samsettar úr nokkrum þjónustubáttum sem neytendur kaupa á netinu. Gert er ráð fyrir að tilskipunin falli undir EES-samninginn. Sjá nánar [hér](#).

Áhugaverðir tenglar

Upplýsingar frá ESB

Vefsíða EFTA-
skrifstofunnar

Vefsíða Eftirlitsstofnunar
EFTA

Vefsíða EFTA-dómstólsins

Vefsíða sendiráðs Íslands í
Brussel

Twitter-síða sendiráðsins

Facebook-síða
sendiráðsins

Innanríkismál

Viðbrögð við fordæmalausum flóttamannastraumi til Evrópu hafa verið meginviðfangsefni aðildarríkja Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar þess síðustu vikunnar eins og mánuðina á undan. Þá eru **nú teikn á lofti að umræða síðustu mánaða sé loksins að skila sér í bættum aðgerðum og raunhæfari sýn á aðgerðir til lausna vandans**. Schengen-samstarfsríkin – Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss – hafa verið á hliðarlínunni því enda þótt staðan á ytri landamærum sambandsins varði Schengen-samstarfið með beinum hætti eru flóttamannamál, umfram Dublin-samstarfið um endursendingar, utan þess. Samstarfsríkin hafa þó sum ákveðið að taka meiri þátt en þeim ber m.a. í aðgerðum um áframflutning flóttamanna (e. relocation) innan sambandsins og varðandi viðtöku kvótaflóttamanna, sérstaklega frá nágrannaríkjum Sýrlands.

Má geta þess að á hálfu ári hafa verið haldnir **sjö fundir dóms- og innanríkisráðherra ESB með þátttöku samstarfsríkja Schengen, þ.m.t. Íslands**, þar af fimm neyðarfundir. Fundir leiðtoga ráðsins hafa einnig verið tíðari en vant er.

Að undanfögnu hefur verið aukin áhersla á **aðgerðir til að minnka straum flóttamanna frá nágrannaríkjum sambandsins**, sérstaklega Tyrklandi, sem virðast vera að bera árangur. Náð samstarf er nú með aðildarríkjum ESB og Tyrklands.

Framkvæmdastjórnin lagði fram **áætlun um fjölda aðgerða með það að markmiði að tryggja betur ytri landamæri Schengen**. Ein tillaga, sem umdeild er, gerir ráð fyrir **1500 manna liði landamæralögreglu, sem hægt yrði að senda þangað sem brotalöm er á gæslu ytri landamæra**. Einnig er gert ráð fyrir **evrópskri landhelgisgæslu**. Þegar hafði verið ákveðið að styrkja Frontex til muna, bæta upplýsingaskipti og skráningu allra sem inn á svæðið koma, bæta og flýta endurflutningi og brottvísun þeirra sem ekki eiga rétt á alþjóðlegri vernd o.s.frv.

Dagskrá innanríkis- og dómsmálaráðherra Schengen hefur ennfremur snúist mjög um **hvernig bregðast skuli við og taka á hryðjuverkasamtökum og koma í veg fyrir hryðjuverk**. Fjöldi aðgerða hafa verið samþykktar, m.a. um veraldarvefinn, upplýsingaskipti, forvarnir gegn öfgatrú, fjármögnun hryðjuverka og viðleitni til að koma á friði og auka stöðugleika fyrir botni Miðjarðarhafs.

Vísinda- og menntamál

Horizon 2020 virðist fara vel af stað fyrstu starfsárin og hefur framkvæmdastjórn ESB nú gefið út bæklinginn Horizon 2020 – First Results, með áhugaverðum upplýsingum og aðgengilegri tölfræði sem tengjast niðurstöðum úr fyrstu 100 köllum áætlunarinnar. Þar kemur m.a. fram að **36.700 umsóknir bárust fyrstu tvö ár áætlunarinnar og að 40% umsækjenda hafi ekki tekið þátt áður**. Hafa þverfaglegar áherslur og meiri þátttöka lítilla og meðalstórra fyrirtækja ekki síst áhrif á nýliðun. Sjá nánar [hér](#).

Meningarráðstefnan European Culture Forum var haldin 26.-27. nóvember í Brussel. Ráðstefnan, sem haldin er annað hvort ár, laðar að sér helstu forsprakka menningargeirans í Evrópu til að ræða **það helsta sem er á döfinni þegar kemur að stefnumótun í skapandi greinum**. Í ár fjallaði ráðstefnan m.a. um framlag skapandi greina til nýsköpunar og atvinnuþróunar og hvernig þær geta stutt við hlutverk Evrópu í heimi vaxandi samruna menningarheima. Sjá nánar [hér](#).